

Kópavogur, 16. febrúar 2021.

Ágæti viðtakandi

Menntamálastofnun fór af stað haustið 2018 með þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi* í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur og var mikil ánægja með verkefnið. Menntamálastofnun þótti miður að geta ekki boðið öllum sveitarfélögum sem sóttu um á sínum tíma að taka þátt en nú er ánægjulegt að geta sagt frá því að stofnuninni hefur verið falið að halda áfram með verkefnið. Af því tilefni viljum við bjóða ykkar sveitafélagi að taka þátt í verkefninu, ef áhugi er enn fyrir hendi.

Þátttaka sveitarfélaga í verkefninu er þeim að kostnaðarlausu nema ef vera skildi aukinn stuðningur við leikskólana, svo sem til kaupa á námsefni. Skriflegur samningur verður gerður um verkefnið milli sveitarfélagsins og Menntamálastofnunnar auk verkáætlunar. Áætlað er að verkefnið taki eitt ár. Samstarfið getur hafist nú á vormánuðum eða eftir samkomulagi.

Markmið *Snemmtækra íhlutunar með áherslu á málþroska og læsi* er að börn í leikskólum á Íslandi nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi í víðum skilningi. Lögð er áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum.

Auk ofangreinds hafa þeir leikskólar sem tekið hafa þátt nefnt valdeflingu starfsfólks og breytt verklag sem árangur af verkefninu.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna [hér](#)

Þau sveitafélög sem óska eftir að taka þátt eða fá frekari upplýsingar um verkefnið eru beðin um að hafa samband við undirritaða.

Andrea Anna Guðjónsdóttir,
verkefnastjóri leikskólamála hjá Menntamálastofnun

andrea.anna.gudjonsdottir@mms.is

